

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðar-ákvæðum um lokun, skal greiða fyrir endurofnun kr. 1.248,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald kr. 1.248,00 á skrifstofu bæjarveitna.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu, svo og aðra þjónustu, sem bæjarveitur veita, að ósk notanda, skal greiða gjald kr. 1.248,00.
4. Fyrir þá þjónustu bæjarveitna sem veitt er utan venjubundins vinnutíma skal notandi aldrei greiða lægra gjald en sem samsvarar þreföldu gjaldi skv. 3. lið þessa kafla. Vari þjónustan lengur en 3 klst. skal greiða aukalega fyrir hverja klst. er samsvarar yfirvinnukaupi viðkomandi starfsmanna með launatengdum gjöldum.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskráum um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykkt stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.
5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágan ársnýtingartíma, geta Bæjarveitur Vestmannaeyja takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.
6. Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. janúar 1998 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 397 25. júní 1997.

Iðnaðarráðuneytinu, 12. janúar 1998.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Egilsstaðabæjar, Eiðahrepps, Hjaltastaðahrepps, Skriðdalshrepps og Vallahrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 9. janúar 1998 staðfest sameiningu Egilsstaðabæjar, Eiðahrepps, Hjaltastaðahrepps, Skriðdalshrepps og Vallahrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum fimm sveitarfélögum skulu falla til hins nýja sveitarfélags.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 23. maí 1998, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosning skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal níu fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Sveitarstjórnirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 7. júní 1998.

Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. janúar 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Grafningshrepps og Grímsneshrepps.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 9. janúar 1998 staðfest sameiningu Grafningshrepps og Grímsneshrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum tveimur sveitarfélögum skulu falla til hins nýja sveitarfélags.

Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 23. maí 1998, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjósa skal fimm fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Sveitarstjórnirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.

Formleg sameining þessara sveitarfélaga skal taka gildi 1. júní 1998.

Skoðanakönnun skal fara fram um nafn hins nýja sveitarfélags og skal nafnið ákveðið á grundvelli hennar. Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. janúar 1998.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.